

Kreppa Sjálfstæðisflokksins og endursköpun hugmyndafræðinnar

Eftir Ívar Jónsson



Ívar Jónsson

Nýfrjálshyggju-stefna Sjálfstæðisflokksins leiddi til mestu efnahagskreppunnar í sögu Íslands. Ástæðan er að til-
tölulega fámennur hópur nýfrjálshyggjumanna náði völdum í flokknum og flokkurinn hvarf frá raun-
særri hugmyndafræði sinni gagnvart erlend-
um fjárfestingum, hættu á fákeppni og einokun vegna smæðar hagkerfisins og áherslu á félagslegt hlutverk hins opinbera.

Stefna nýfrjálshyggjusveinanna gekk þvert á þessar hugmyndafræðilegu rætur Sjálfstæðisflokksins. Í kjölfar þeirra átaka og tómarúms sem ríkti í flokknum eftir deilur Geirs Hallgrímssonar og Gunnars Thoroddsen, kom fram hópur Vökudregja við Háskóla Íslands sem hóf innflutning hugmyndafræði og útgáfu verka nýfrjálshyggjumanna eins og Hayeks og M. Friedmans. Þetta voru Davíð Oddsson, Hannes Hólmsteinn, Friðrik Sophusson, Por-

» Afskiptaleyfi ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins ... skildi flokkinn eftir í gapastokki fylgishruns og klofnings.

steinn Pálsson, Geir Haarde o.fl. Þakinn var svo skreyttur með skrifum Jónasar Haralz. Valdataka þessara manna í flokknum var innsiglið þegar Davíð Oddsson varð borgarstjóri 1982. Nokkrum árum síðar náði nýkratismi undirtökunum í Alþýðuflokk-

um (síðar Samfylking) og Framsóknarflokkurinn sporðrenndi nýfrjálshyggjunnar undir stjórn Halldórs Ásgrímssonar í þéttbýlisvæðingu flokksins. [1] Ógæfa nýfrjálshyggjumanna Sjálfstæðisflokksins var að barnatrú þeirra á að svokölluð lögmál markaðarins, einkavæðing, alþjóðavæðing og lækkun skatta á atvinnulíf myndi leiða til varanlegs og mikils hagvaxtar til langframa. Stefnan var feigðarflan því „lögmál markaðarins“ leiddu til fákeppni sem gróf undan heildsalastéttinni og smærri atvinnurekendum sem verid höfðu helsta fjárhagslegt bakland flokksins. Afskiptaleyfi ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins af framferði útrásarvikinga og vexti fákeppnifyrirtækja í verslun, olíusölu, samgöngum, tryggingum og bankastarfsemi leiddi til efnahagskreppu sem svipti grunninum undan hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar og skildi flokkinn eftir í gapastokki fylgishruns og klofnings.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Fíflíð sem fór ekki í gang

Frá Atla Viðari Engilbertssyni



Atli Viðar Engilbertsson

Strætó á Akureyri fer ekki í gang um helgar – varastartari í varahanska-hólfinu virkaði ekki heldur. Allir startarar standa á sér, en sérleyfishafi startaði sínum langferðabíl í gang sem aldrei fyrr, fyrir einhverjum vikum, og býður upp á hópferðir fyrir íbúa jafnt sem gesti á stórbæjarsvæði Akureyrar. Og segir að allar stoppistöðvar séu vel merktar, ég hef ekki fundið eina einustu þeirra. Ég geng því í bæinn ennþá um helgar eins og fyrri helgar síðan í maí. Því strætóáætlun liggur niðri um helgar á Akureyri, nú annað sumarið í röð, 1. maí til 1. september. Er það sparnaður að halda íbúum og gestum bæjarins heima? Það þarf að spara slit á rekstri bæjarins. – Tilraunastopp sögðu frambjóðendur í tilsvörum rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar. Fíflíð hún bæjarstjórnarkisa fór í gang til að leika sér að músinni. En greyið músin fer ekki í gang nema hún fái start með stungu. En það eru

mannréttindi músa jafn sem flestra annarra lífvera á norðlenskri jörð að við lýðurinn fáum að ræsa fíflíð sem fór ekki í gang, með því að lækka nú laun yfirstéttarinnar sem stýrir bænum. Eða þá að við heiðursrottur miðbæjar á Akureyri, sem höfum okkar framfærslu af Tryggingastofnun ríkisins, ættum að leita eftir því að fá nýja löggjöf sem veiti menningarstyrki. Að við öryrkjar fáum nýtt starfsheimt; „menningarfulltrúar“ – sem felst í því að stunda miðbæjarmeninguna á Akureyri með mætingum á kaffihús og blanda geði. Fánaberafflín sem sitja í bæjarstjórn halda ennþá að hér sé lítil huggulegur Karde-mommubær.

Á höfuðborgarsvæðinu færi allt úr böndum ef strætisvagnaáætlun raskaðist um einn dag. En þetta má á „litlu Akureyri“. Ef súlustaðirnir – strætisvagnar með grúndum – eru ekki reknir af opinberu fé og undir eftirliti heilbrigðis-, samkeppnis- en þó ekki valdasiðgæðisstofnunar. Þá fara hin flílin í gang án þess að þurfa start og eru fljótt að tileinka sér alla ólöglegu undirheimasþillinguna. Súlnarar í strætisvögnunum fá ekki mikla þjónustu um helgar í kreppuvelmeigininni sumarið 2010 á Akureyri, það er nokkuð ljóst. Göngutúrarnir mínir,

3 km úr úthverfi niður í miðbæ til skrifna á kaffihúsi, stuðla að ómældu þokkaskrúði í sliti á skósolum, með 9 kílóa ritlistartól á bakinu. Fíflíð fór ekki í gang: Bakpokinn minn fór ekki í gang þótt ég reyndi að starta honum, en greyið lyfti sér upp á bak á mér og sefur vært undir taktföstu trampu mínu niður í bæ.

Og nú stefnir í einkarekstur hjá mér ef bæjarstjórn tekur sig ekki á með nýjar samgönguáætlanir. Ég mun fara að auka vinnuálag á bakið á mér með því að taka gjald fyrir að bera fólk á bakinu, – vanheilt fólk í yfirkjörþyngd sem kemst ekki í bæinn vegna gigtar eða annarrar vanheilsu. Einstaklingar í félagslegri einangrun sem hafa ekki andlegan kjark eða líkamlega getu til að rjúfa sína félagslegu einangrun. En þetta skilja ekki skrúðföguru sóleyjarnar og flíarnir þeirra í bæjarstjórn. Miðbæjarmening með mætingu á mitt bak, er það nýjasta hagræðingaráætlun bæjarstjórnar Akureyrar? Svitaperlu-blek er það nýjasta í bænum, það sést ekki á meðan það er blautt, en verður svart þegar það storknar.

ATLI VIÐAR
ENGILBERTSSON
fjöllistamaður.

Húsnæðisverð þarf að vera í jafnvægi við launaþróun

Frá Guðvarði Jónssyni



Guðvarður Jónsson

Húsnæðisverð þarf að vera í jafnvægi við launaþróun. Nú er verið að lækka öll laun og á sama tíma eru boðaðar hækk-anir á húsnæðis-
verð.

Út á hvað er svo verið að hækka? Það hljóta að vera gömlu gildin, græðgin, menn ætla ekki að sleppa tókum á henni, launaþróun og greiðslugeta skipta þá menn engu máli sem stjórna verðlagningunni og þeir eru látnir í friði við iðju sína.

Fyrir hið margumtalaða hrun var íbúðaverð hækkað með svokölluðu markaðs- og staðsetningarverði sem byggðist á gegndarlausri græðgi og fyrirlitningu á heid-arleika í viðskiptum. Húsnæði, matur og fatnaður eru þeir þættir sem verða að haldast í jafnvægi við launaþróun og miða þarf við að fólk á lægstu launum geti framfleytt sinni fjölskyldu í mannsæmandi húsnæði, hvort heldur það kaupir eða leigir. Sú verðlagsþróun sem

varð á íbúðarhúsnæði, fyrir hrun, sýnir vel stjórnsýsið sem var, og er reyndar enn við lýði. Íbúðir hækkuðu um milljónir á ári, bara út á hugmyndafræðina eina en launaþróunin dróst hratt aftur úr verðþróun húsnæðis. Aftur á móti margfölduðust tekjur þeirra sem stjórnunni þessari þróun og það varð til þess að enn meiri verðþenslu þurfti til að standa undir kröfu þessara manna um laun sem hæfðu verðgildi starfa þeirra. Þeir bjuggu semsagt í mjög hástemmdri skýjaborg.

Þetta ferli þarf að þróa niður í átt til jafnvægis við launaþróun kaupenda. Það eru komnar ýggjandi sannanir fyrir því að endalausar hugmyndafræðilegar markaðsverðhækkningar leiða til glötunar og enn er verðlagsþróun á vöru og þjónustu að fjarlægjast launaþróun, án þess að neitt sé við því amast. Íbúðaverð er misjafnt eftir því hvar íbúðin er staðsett í borginni. Gömul íbúðarkytra í gamla miðbænum kostar meira en ný þriggja herbergja íbúð í Efra-Breiðholti.

Hvers vegna? Kostar minna að byggja í Efra-Breiðholti? Nei. Það á að byggja íbúðir fyrir aldraða í Efra-Breiðholti, þar tekur

verktakinn 28 milljónir fyrir rúmlega 80 fm íbúð. Það myndi ekki duga fyrir fimm herbergja íbúð á fasteignaverði svæðisins upp í þessa 80 fm íbúð og svo strax eftir að kaupin væru afstaðin tæki markaðsverðið við og íbúðin lækkaði um milljónir. Þarna stelar hugmyndafræðin milljónum.

Þetta þarf að þróa til meira jafnvægis. Íbúar í miðborginni eru ekkert nær vinnusvæðum en þeir sem eru í úthverfum því vinnustaðir manna eru vítt og breitt um borgina og einnig í nágrannabyggðum.

Það á ekki að líðast að fólk sé sett í skuldafangelsi alla ævi bara vegna þess að það kaupir eða leigir sér húsnæði. Með því að mergsjúga fólk fjárhagslega með þessum hætti er verið að skerða verulega möguleikana á því að hægt sé að halda heilbrigðisþjónustu og annarri félagslegri þjónustu gangandi og peningarnir látnir flæða í milljörðum í vasa græðginna.

Reykjavíkurborg hefur ekki látið sitt eftir liggja í okurbaskinu. Lóðir undir íbúðir hafa verið seldar á jafngildi íbúða og þar yfir.

GUÐVARÐUR JÓNSSON,
Valshólum 2, Reykjavík.

Hugmyndafræðilegar rætur

Í ljósi hugmyndafræðikreppu flokksins er athyglisvert að skoða hófstilla hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins eins og hún birtist í skrifum fyrrum forystumanna hans.

Í fyrstu stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins frá 1929 er grundvallarstefnan mörkuð. Þar segir m.a. að markmiðin séu: „... Ísland taki að fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina...“ og „Að vinna ... þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

Fyrsta stefnuatriðið snýr að notkun gæða lands og auðlinda. Magma-málið er af þessu tagi og svipar til nýtingar fiskimiða Íslands. Jón Þorláksson, fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, hafði skýra afstöðu í auðlindamálum og af skrifum hans er ljóst hver afstaða hans væri gagnvart orkuvinnslu erlendra aðila. Hann skrifaði í Morgunblaðið 1929 að: „Útgerðin er nú um það bil að komast í ... eign hjer búsettra manna og fjelaga, svo að allur arðurinn fellur til landsins og landsmanna. Þetta er stefnumark, sem ekki má hvika frá. Verslunarsagaf hefir sýnt oss nægilega hvað það kostar, þegar afrakstur veigamikils atvinnuvegar rennur út úr landinu mannsaldur eftir mannsaldur. — Vjer eigum ekki að hætta á neina endurtekningu á því.“

Birgir Kvaran, hagfræðingur, fjallar um hlutverk hins opinbera í erindi sínu, *Sjálfstæðisstefnan*, í stjórnmálaskóla Varðar 1959.[2] Birgir gerði grein fyrir hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins sem spröttin er úr íslenskum sér-
aðstæðum. Hann segir hlutverk hins opinbera vera m.a.: „Að stuðla að eða taka þátt í atvinnurekstri undir vissum kringumstæðum, ef félagsnaðsyn krefur.“ Sem dæmi um slíkt nefnir Birgir atvinnurekstur, „sem felur í sér einokunaraðstöðu og ekki er mögulegt að hafa eftirlit með“. Jafnframt nefnir hann „atvinnurekstur, sem stofna þarf til vegna félagslegrar naðsynjar, atvinnuleysis, byggðajafnvægis o. fl.“ Við lestur erindis Birgis sést hversu langt margir Sjálfstæðismenn eru komnir frá upphaflegri hugmyndafræði flokksins og hversu brýnt er að flokksmenn kynni sér hugmyndasögu hans.

[1] Sjá nánar: <http://www.felagshyggja.net/Felagar/Glocalization.pdf>
[2] Sjá <http://www.felagshyggja.net/XD1959.pdf>

Höfundur er forstöðumaður og er áhugamaður um hugmyndasögu.

Gleðidagur í Rangárþingi

Eftir Ísólfi Gylfa Pálmason

Í dag er mikill gleðidagur í Rangárþingi þegar formlegar siglingar hefjast milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Gamall draumur er orðinn að veruleika. Í tölíni þessa yrkir gamall, traustur Rangæringur:



Ísólfi Gylfi Pálmason

Nú fagna ber við sandinn

svarta.
Er sjáum skip við landið skarta en áður árabáta,
sem fyrrum hér við brimið börðust.
Gegn boðunum þó oftast vörðust þeir menn í fyllsta máta.

(G.H.)

Hver stund og hver dagur á sitt gildi, líf manna er ekki gert úr eintómum stórvíðburðum, heldur miklu frekar úr ótal órsmáum atvikum sem hvergi eru skráð. Í dag upplifum við stórvíðburð. Stórvíðburður þessi er settur saman úr ótal mörgum atvikum, sumum skráðum en öðrum óskráðum. Eitt er að fá hugmynd en annað að framkvæma hana. Hugmynd Árna Johnsen var skráð í þingsályktunartillögum árið 2000 sem ég er stoltur að hafa verið samflutningsmaður að meðan ég sat á þingi. Hugmyndin er orðin að veruleika með hjálp mikilla snillinga, m.a. hjá Siglinga-málastofnun o.fl. Framkvæmdin á eftir að hafa mikil áhrif hér í Rangárþingi, ekki síður á líf og frelsi Vestmannaeyinga.

Pakklæti er það orð sem okkur Rangæingum er efst í huga í dag. Pakklæti til allra þeirra sem komið hafa að verkinu. Pakklæti fyrir að

» Pakklæti er það orð sem okkur Rangæingum er efst í huga í dag. Pakklæti til allra þeirra sem komið hafa að verkinu.

urverki skuli vera aðalverktakar við framkvæmd þessa. Grunnur hans, að vandvirkni hans og velgengi, var lagður þegar hann, barnungur, gróf fyrir vatnsleiðslu til Eyja. Sú framkvæmd olli byltingu í Vestmannaeyjum. Á sama hátt mun þessi framkvæmd valda byltingu bæði hér og í Vestmannaeyjum.

Nú er það í okkar valdi að nýta okkur alla þá möguleika sem þetta nýja mannvirki skapar. Íbúar Rangárþings bjóða alla ferðamenn hjartanlega velkomna í þessum fagra hérað og hvetja þá til okkar að nýta alla þá þjónustu sem boðið er upp á hér um slóðir.

Guð blessi þessa framkvæmd og alla þá vegfarendur sem eiga eftir að fara milli lands og Eyja.

Höfundur er sveitarstjóri Rangárþings eystra.